

SAMÞYKKT

um hesthús og önnur gripahús í skipulögðum búfjárhverfum í Fjarðabyggð.

1. gr.

Umhverfi hesthúsa og annarra gripahúsa skal halda þrífalegu og skal frágangur lóðar vera snyrtilegur. Hestagerði skulu malarborin og gerði fyrir hesta og aðra gripi girt vönduðum girðingum. Bifreiðar, hestakerrur, dráttarvélar og tæki skal geyma á þar til ætluðum stæðum samkvæmt deiliskipulagi. Í gerðum og á lóðum við hesthús og önnur gripahús er óheimilt að geyma lausamuni, s.s. heyvinnslutæki, byggingarefni og annað því líkt. Heybirgðir skal geyma í snyrtilegum og afgirtum stæðum samkvæmt deiliskipulagi.

2. gr.

Lausanga hesta, hunda og annarra gripa er bönnuð. Hlíta skal búfjarsamþykktum viðkomandi sveitarfélags og reglugerðum um aðbúnað búfjár. Eigendur hesthúsa og annarra gripahúsa bera ábyrgð á leigjendum sínum hvað varðar umgengni í húsum og á lóð.

3. gr.

Moð, hrossatað og annan húsdýraáburð skal geyma í lokaðri og vökvaheldri þró eða haughúsi. Í hesthúsum skal áætla 3 m³ rými fyrir tað frá hverjum hesti ef tæmt er einu sinni á ári en 1 m³ ef tæmt er þrisvar sinnum. Taðþrær og haughús skulu þannig gerð og um hirt að hvorki stafi af óþrif, mengun né slysaþætta.

Eigendur hesthúsa og annarra gripahúsa skulu tæma taðþrær reglulega og áður en þær fyllast. Leitast skal við að nýta tað og húsdýraáburð til jarðræktar eða jarðgerðar, en að öðrum kosti flytja á þar til ætlaðan móttökustað samkvæmt fyrirsögn viðkomandi sveitarfélags.

Farið skal að ákvæðum reglugerða nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

4. gr.

Frárennsli frá salernum, vöskum og niðurföllum í hesthúsum og öðrum gripahúsum skal tengja fráveitukerfi eða leiða í rotþró með siturlögn. Leita skal samþykkis byggingarfulltrúa vegna staðsetningar á rotþró. Um frágang rotþróar og tæmingu fer samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Austurlands sem og ákvæðum reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

5. gr.

Í hesthúsum og öðrum gripahúsum skal vera viðurkennt sorpílát og skulu húseigendur kosta uppsetningu þess og tæmingu. Spilliefnum (t.d. fúavarnarefni, málningu, skordýra- og meindýraeitri, útrunnum lyfjum og lyfjaleifum) skal halda aðskildum frá öðrum úrgangi og skila inn til móttökustöðvar fyrir spilliefni.

6. gr.

Eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar hefur heilbrigðisnefnd Austurlands og byggingarfulltrúi viðkomandi sveitarfélags, hver á sínu sviði.

7. gr.

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarnarnir.

8. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 19. október 2010.

F. h. r.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

—————
B-deild – Útgáfud.: 2. nóvember 2010